

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Hammersminni á Djúpavogi.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti 29. september 2004 deiliskipulag fyrir hluta af götunni Hammersminni á Djúpavogi.

Deiliskipulagið nær yfir lóð fyrir nýjan leikskóla sunnan við Dvalarheimilið Helgafell, ásamt útivistaraðstöðu fyrir hann, aðkomuveg að leikskóla, ásamt vegtengingu að götunni Hammersminni. Einnig sýnir skipulagið lóðir heilsugæslustöðvarinnar og Dvalarheimilisins Helgafells.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 27. desember 2004.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson**, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.